

Ad.

585. Þingsályktun

um uppmæling siglingaleiða og rannsókn hafnarbóta.

(Afgreidd frá Nd. 13. maí).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að láta framkvæma, svo fljótt sem því verður viðkomið:

1. Uppmæling á hinni svo nefndu »Grunnleið« á Húnaflóa inn á Miðfjörð.
2. Uppmæling á innsiglingu á Hindisvík á Vatnsnesi.
3. Uppmæling á leiðinni frá Horni austur að Norðurfirði.
4. Uppmæling á innsiglingu á Bjarnarfjörð hinn syðra og hafnarstað við Kaldrananes og innsiglingu á Kollafjörð í Strandasýslu.
5. Rannsókn á lendingar- eða hafnarbótum á Hvammstanga við Miðfjörð og gera áætlun um.
6. Rannsókn á lendingarbótum við Salthólma á Gilsfirði og gera áætlun um.